

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. janúar 2025

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um bættu upplýsingagjöf til húsnæðiskaupenda á Íslandi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi ályktunartillögu: Borgarstjórn lýsir yfir mikilvægi þess að bæta upplýsingagjöf til húsnæðiskaupenda, sér í lagi um fyrirliggjandi uppbyggingaráform í nærliggjandi byggð. Skorað er á yfirvöld að skerpa á þessari skyldu. Of oft eru væntingar skapaðar við sölu eigna um nýtingu gæða sem líklegt getur talist að seljendum sé vel kunnugt um að muni ekki fylgja eigninni nema til skamms tíma. Upplýsingarétt kaupenda sem og réttarstöðu við svo umfangsmikil kaup sem íbúakaup jafnan eru þarf almennt að tryggja betur.

Greinargerð:

Upplýsingaskylda seljenda í Noregi er römmuð inn í sérstökum lögum sem kallast Lov om avhending av fast eignedom. Í Noregi eru dæmi um niðurstöðu dóma sem sýna fram á skýra ábyrgð seljenda um upplýsinga um uppbyggingu sem getur haft áhrif á nýtingu eða söluvirði eignar. Lög um sölu fasteigna og skipa ramma inn þær lagaskyldur sem gilda um kaup og sölu fasteigna hér á landi. Ef til vill væri hægt að ganga út frá þeirri ábyrgð byggð á lögnum að upplýsa um uppbyggingaráform viti seljandi ef þeim, en ekki hefur skapast hefð fyrir að veita þessar upplýsingar og því væri til bóta að skýra þessa skyldu